



**samband  
íslenskra  
framhaldsskólanema**

**Ársskýrsla 2016-2017**

**Kæru framhaldsskólanemar,**

Tíunda starfsár Sambands íslenskra framhaldsskóla er liðið og senn líður að 10 ára afmæli þess, þann 7. nóvember. Sambandið hefur frá stofnun verið í stöðugri þróun með það að markmiði að standa vörð um hagsmuni nemenda. Baráttan hefur verið kröftug en nauðsynleg, það á að vera sjálfsagt að fulltrúar framhaldsskólanema fái að taka þátt í þeim ákvörðunartökum sem þá varðar. Í dag leggur SÍF áherslu á að félagið eigi fulltrúa í öllum nefndum á vegum hins opinbera sem vinna að málefnum er varða framhaldsskólanema.

Starfsárið er búið að vera viðburðaríkt og jafnframt mjög skemmtilegt. Skuggakosningar í framhaldsskólum á landsvísu voru haldnar í fyrsta sinn, með það að meginmarkmiði að auka lýðræðisvitund ungs fólks og hvetja það til að kjósa eftir upplýstri ákvörðun. Þótti verkefnið takast vel til. Mikil vinna hefur farið í mótun stefnu sambandsins, löggin endurskoðuð og önnur verkefni unnin með það að markmiði að gera SÍF að betra og virkara hagsmunafélagi framhaldsskólanema.

Sýnileiki SÍF hefur aukist verulega á árinu og er hart unnið að því að gera það enn sýnilegra og aðgengilegra öllum.

Framtíð SÍF er björt og áhugi nemenda á hagsmunum meiri en nokkru sinni. Í framtíðinni vil ég sjá SÍF ná til allra hópa nemenda og vinna sem skilvirkara samband sem nemendur og nemendafélög sjá hag sinn í að leita til.

Ég er ómetanlega þakklát fyrir árið mitt sem formaður. Ég hef fengið að fylgjast með hversu stóra hluti ungt fólk getur gert og breytt, því er mikilvægt að nemendafélög og nemendur komi saman og geri bakland SÍF eins fjölbreytt og sterkt og mögulegt er. SÍF er gríðarlega sterkur vettvangur fyrir nemendur að koma hlutum og hugmyndum á framfæri. Ég veit að SÍF mun halda áfram með þá góðu vinnu sem hefur átt sér stað og bíð spennt fyrir komandi tímum. Ég þakka kærlega fyrir mig og frábært samstarf í tíð minni sem formaður.

---

Adda Þóreyjardóttir Smáradóttir  
Formaður SÍF



Starfsárið 2016-2017 sátu eftirtaldir í framkvæmdastjórn SÍF:

- Adda Þóreyjardóttir Smáradóttir, formaður - Verzlunarskóli Íslands
- Jón Hjörvar Valgarðsson, varaformaður - Fjölbrautaskóli Vesturlands
- Ársól Þöll Guðmundssdóttir, gjaldkeri (sept - mars) - Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ
- Davíð Snær Jónsson, gjaldkeri (apríl - sept) - Tækniskólinn
- Sara Þöll Finnbogadóttir, alþjóðafulltrúi - Menntaskólinn við Hamrahlíð
- Inger Erla Thomsen, margmiðlunarstjóri - Menntaskólinn að Laugarvatni
- Björk Davíðsdóttir, verkefnastjóri - Fjölbrautaskóli Austur Skaftafellssýslu
- Þuríður Birna Björnsdóttir Debes, jafnréttis-og forvarnafulltrúi (sept - ágúst) - Menntaskólinn við Hamrahlíð

#### **Fulltrúar í ráðum og nefndum:**

- Fagháskólanám - Þuríður Birna Björnsdóttir Debes, jafnréttis-og forvarnafulltrúi
- Vinnustaðanámssjóður - Hildur Björgvinsdóttir, framkvæmdastjóri
- Stjórn LÍN - Laufey María Jóhannsdóttir, formaður SÍF 2013-2015
- Mannréttinda -og forvarnafulltrúi í stjórn Landsambands ungmennafélaga - Guðbjört Angela Mánadóttir, Menntaskólinn að Laugarvatni
- Fulltrúaráð LUF - Þuríður Birna Björnsdóttir Debes, jafnréttis-og forvarnafulltrúi

#### **Aðildarfélög**

SÍF er hagsmunafélag allra framhaldsskólanema landsins og frá aðalþingi 2012 hafa nemendafélög allra 30 framhaldsskóla landsins verið aðilar að SÍF. Samtakamáttur sambandsins er því mikill þegar kemur að því að gæta hagsmuna nemenda.

#### **Skrifstofa og fjármagn**

SÍF deilir skrifstofu með Landsambandi ungmennafélaga (áður Landssamband æskulýðsfélaga) í Hinu Húsinu, Pósthússtræti 3-5, í Reykjavík. Þar starfar framkvæmdastjóri, Hildur Björgvinsdóttir í 50% starfshlutfalli. Framkvæmdastjóri SÍF sér um daglegan rekstur félagsins og afgreiðir erindi sem berast. Fyrirspurnir og erindi eru fjölbreytt en eiga það öll sameiginlegt að varða framhaldsskólanemendur á einn eða annan hátt. Framkvæmdastjóri vinnur náið með framkvæmdastjórn og tekur virkan þátt í verkefnum félagsins.

Þann 31. desember 2016 rann út tímabundinn þjónustusamningur við mennta- og menningamálaráðuneytið sem undirritaður var um mitt ár 2016. Á fundi með ráðherra þann 14.júní skrifaði framkvæmdastjóri undir viðauka við þann samning sem tryggir félaginu rekstrarfé til ársloka 2017. Samningur við ráðuneytið tryggir félaginu

rekstrargrundvöll árlega og telur fráfarandi stjórn afar mikilvægt að gerður verði nýr langtíma samningur til að tryggja megi áframhaldandi öflugt starf félagsins. Erfitt er að gera fjárhagsáætlanir og skipuleggja starfsemina fram í tímann þegar greiðslur berast óreglulega sökum þess að samningurinn er aðeins til nokkurra mánaða í senn. Telur stjórnin jafnframt að hækka þurfi þá upphæð sem ríkið leggur til SÍF árlega í takt við launa- og verðhækkanir, aukna starfsemi sambandsins og umfangsmeiri verkefni en áður. Þá eru ríflega 20.000 nemendur skráðir í þá framhaldsskóla sem heyra undir sambandið. Árið 2012 var gerður fjögurra ára samningur SÍF og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að árleg greiðsla yrði 5,1 milljón. Sú upphæð hefur ekki hækkað um nema 100.000kr., sumarið 2017. Þykir stjórninni þetta óforsvaranlegt og bendir á að meðal þess sem SÍF hefur ekki getað sinnt sökum skorts á fjármagni er samstarf með systurfélögum sínum á hinum Norðurlöndunum, NSSN (Nordic School Student Network) sem hittast reglulega, bera saman bækur sínar og læra hvert af öðru. Stjórnin telur afar slæmt að félagið geti ekki sent fulltrúa sinn á þessi fundi, miðlað af reynslu sinni og lært af öðrum, sem aftur er hægt að nýta í starfi SÍF til að bæta hagsmuni nemenda hér á landi.

Þá hefur það einnig dregið verulega úr líkunum á því að fulltrúar nemenda á landsbyggðinni bjóði sig fram í framkvæmdastjórn SÍF þar sem félagið hefur ekki getað tryggt ferðakostnað fyrir þá fulltrúa sem koma lengra að til að mæta á stjórnarfundi í Reykjavík a.m.k. 1-2 á önn. Erfitt hefur verið fyrir nemendur að sitja í framkvæmdastjórn þar sem þeir hafa oft ekki getað mætt á fundi í eigin persónu, aðeins í gegnum fjarfundabúnað.

SÍF er einnig með þjónustusamning við Lánasjóð Íslenskra námsmanna sem tryggir sambandinu fulltrúa í stjórn sjóðsins ásamt fjármagni en LÍN hefur greitt SÍF 800.000kr. á ári undanfarin tvö ár gegn því að sinna upplýsingaþjónustu varðandi málefni sjóðsins er snúa að framhaldsskólanemum. Í byrjun september 2017 var samningurinn við LÍN endurnýjaður til tveggja ára og mun upphæðin til sambandsins hækka á samningstímanum, fyrst í 990.000kr. (2017-2018) og síðar í 1.040.000kr. (2018-2019).

## **Landssamband ungmennafélaga (áður Landssamband æskulýðsfélaga)**

SÍF er stærast aðildarfélag Landssambands ungmennafélaga sem eru regnhlífasamtök æskulýðsfélaga á Íslandi og samráðsvettvangur. Helstu verkefni LUF eru að vera fulltrúi og málsvari ungs fólks gagnvart íslenskum stjórnvöldum, vera samráðs- og samstarfsvettvangur fyrir íslensk æskulýðsfélög, vera fulltrúar íslenskra ungmenna í ýmsu erlendu samstarfi, og vera í forystu í umræðu um æskulýðsmál. Stjórnarliðar SÍF hafa sótt ýmis námskeið á vegum LUF og jafnframt setið í fulltrúaráði. Davíð Snær

Jónsson og Sara Þöll Finnbogadóttir, fulltrúar í stjórn útskrifuðust í haust úr Leiðtogaskóla Íslands á vegum LUF en meðal markmiða hans er að efla leiðtogahæfileika ungs fólks. Þá á SÍF fulltrúa í stjórn LUF, Guðbjörtu Angelu Mánadóttur.

## Þing og fundir

Alls voru haldnir 39 framkvæmdastjórnarfundir, 14 vinnufundir, 2 sambandsstjórnarfundir og eitt aðalþing á starfsárinu. Flestir skólar eiga einn eða fleiri fulltrúa nemenda á aðalþingum og sambandsstjórnarfundum SÍF sem ávallt standa yfir í tvo daga, laugardag og sunnudag. Það fyrirkomulag er haft í ljósi þess að margir nemendur koma langt að á fundina. Leitast er erfitt að hafa gott jafnvægi milli hefðbundinna fundarstarfa, fræðslu/fyrirlestrum, umræðum þar sem nemendum gefst tækifæri á að ræða mál líðandi stundar og bera saman bækur sínar, auk vinnuhópa.

## Aðalþing

Aðalþing SÍF 2016 var haldið í Háskólanum í Reykjavík dagana 3. og 4. September. Þingið sóttu um 60 fulltrúar nemenda allsstaðar að af landinu. Meðal umræðuefna var gjaldfrjáls sálfræðiþjónusta í framhaldsskólum, mikilvægi kynjafræðikennslu og skuggakosningar í framhaldsskólum ásamt pallborðsumræðum með fulltrúum stjórnsmálaflokkanna.

Eva Þórisdóttir, doktorsnemi, hélt erindi um andlega líðan unglunga í nútímasamfélagi. Í umræðum á eftir mátti heyra á nemendum að það væri þeim mikið kappsmál að tillaga þess efnis að allir framhaldsskólanemar fengju aðgang að gjaldfrjálsri sálfræðiþjónustu, yrði samþykkt á Alþingi. Þeir sem komu frá skólum þar sem tilraun hefur verið gerð með að bjóða upp á sálfræðiþjónustu báru því góða söguna en tóku fram að gæta yrði jafnræðis, að allir sem þyrftu á að halda fengju jafn marga tíma og ráða yrði inn fjölda sálfræðinga eftir stærð skólanna.

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, kynjafræðikennari við Borgarholtsskóla, flutti grípandi erindi um staðalmyndir kynjanna og mikilvægi þess að upplýsa ungt fólk. Kynjafræði er kennd sem skyldufag í örfáum skólum á landinu en er valgrein í nokkrum til viðbótar. Miklar umræður sköpuðust og ákvörðun tekin um að SÍF skyldi beita sér fyrir því að kynjafræði verði gerð að skyldufagi í öllum framhaldsskólum landsins. Í því samhengi var sótt um styrk bæði til æskulýðssjóðs og jafnréttissjóðs, til að halda ráðstefnu ætlaða ráðamönnum þar sem rætt yrði um mikilvægi kynjafræðikennslu í framhaldsskólum og einnig í námi í kennsluréttindum við Háskóla Íslands. Báðum umsóknum var synjað en SÍF mun halda áfram að vinna í málaflokknum. Meðal annars mun Hanna Björg aftur

halda erindi á aðalþingi SÍF 2017 með nýjum formönnum nemendafélaganna og ræða hvernig hægt er að virkja nemendur sem þrýstiafl á stjórnvöld.

Þá hélt Hildur, framkvæmdastjóri félagsins, kynningu á fyrirhuguðum skuggakosningum í framhaldsskólum og í kjölfarið stjórnaði Jónas Már, margmiðlunarstjóri í framkvæmdastjórn, pallborðsumræðum þar sem fulltrúar flokkanna sátu fyrir svörum. Ljóst var að það sem lá nemendum mest á hjarta var gjaldfrjáls sálfræðipjónusta í framhaldsskólum og málefni innflytjenda.

### **Sambandsstjórnarfundir**

Fyrri sambandsstjórnarfundur vetrarins var haldinn í Verzlunarskóla Íslands dagana 5. og 6. nóvember 2016 og var hann vel sóttur.

Fundurinn fór fram stuttu eftir skuggakosningar og stýrði Hildur umræðum um verkefnið. Í ljós kom mikil ánægja með framkvæmdina meðal nemenda og áhugi fyrir hendi að skuggakosningar verði haldnar aftur samhliða almennum kosningum. Það var einnig samdóma álit þeirra sem höfðu tekið þátt í verkefninu að þátttaka kennara hafi skipt sköpum þegar kom að því að vekja áhuga og virkja nemendur. Í þeim skólum þar sem kennarar bentu nemendum á vefinn egkys.is, þeir notað efni af vefnum í kennslu og hleypt nemendum úr tímum til að kjósa í skuggakosningunum, þar hafi myndast góð stemning og talsverð umræða innan veggja skólanna. Þessar upplýsingar frá nemendum voru settar fram í skýrslu um skuggakosningar og lagðar fram sem tillögur, þ.e. að gerðar verði meiri kröfur um samstillingu skólayfirvalda, kennara og nemenda og að vitund og hvatning kennara skipti sköpum fyrir verkefnið.

Nýr ritstjóri Framhaldsskólablaðsins, Eva Dröfn Hassell Guðmundsdóttir hélt kynningu á blaðinu og ítrekaði að það væri mál gagn nemenda og því mikilvægt að þeir nýttu sér það til að koma efni á framfæri, hvort sem væru greinar, smásögur, ljóð eða annað. Ásamt því kynntu Eva og Inger, margmiðlunarstóri, endurvakningu á Ljósbroti, ljósmyndakeppni framhaldsskólanna. Tóku fundargestir vel í hugmyndina.

Sara Þöll, alþjóðafulltrúi framkvæmdastjórnar kynti verkefni sem SÍF fékk styrk fyrir úr sjóðnum Seedsforintegration frá regnhlífasamtökum sínum í Evrópu, OBESSU (Organising Bureau of European School Student Unions) og benti jafnframt á að enn væri opið fyrir umsóknir í sjóðinn sem væri hugsaður til að styrkja verkefni sem snúa að málum innflytjenda og flóttamanna í framhaldsskólum. Voru nemendafélög hvött til að sækja um, annað hvort ein eða í samstarfi við önnur nemendafélög. Ekkert nemendafélag sendi inn styrkumsókn svo framkvæmdastjórnin viti til.

Á fundinn kom Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vistbyggðarráðs, og kynti hugmyndina um loftlagssendiboða sem hugsuð er sem vettvangur fyrir áhugasama um umhverfis - og loftslagsmál.

Þá fjölluðu Sara Mansour og Jökull Ingi, fulltrúar „rauða skattsins“ um mikilvægi þess að bæta aðgengi að tíðarvörum og gera umræðuna opnari. Rauði skatturinn var lokaverkefni Söru og Jökuls í Leiðtogaskóla Landssambands ungmennafélaga. Nokkrar umræður sköpuðst í kjölfarið og ákváðu fundargestir að nemendur myndu þrýsta á stjórnvöld um að gera tíðarvörur aðgengilegar og gjaldfrjálsar í skólum.

Í opnum umræðum í lok fundarins var mikið rætt um heimavistir framhaldsskólanna víðsvegar um landið. Kom í ljós að aðstæður og húsreglur eru afar mismunandi eftir skólum. Í kjölfar umræðunnar sendi framkvæmdastjórn SÍF út spurningar til nemenda og stjórnenda þeirra skóla sem bjóða upp á heimavist til að kanna hvaða húsreglur gilda þar. Hugðist stjórnin boða til fundar húsvarða heimavistanna og fulltrúa nemenda til að kanna hvort vilji væri til að samstillta reglur meira en verið hefur. Því miður varð ekkert af þeim fundi þar sem illa gekk að fá upplýsingar frá skólunum og einnig að finna stað og stund fyrir fundinn sem öllum hentaði.

Seinni sambandsstjórnarfundur vetrarins var haldinn í Háskólanum á Akureyri dagana 25. - 26. mars 2017. Þótt kostnaður sé nokkur við að halda fundi á landsbyggðinni telur SÍF afar mikilvægt að einn fundur af þremur (tveir sambandsstjórnarfundir og eitt aðalþing) sé haldinn utan höfuðborgarsvæðisins til að koma til móts við nemendur sem stunda þar nám og þurfa alla jafna að fara langa leið til að sækja fundi í Reykjavík. Einnig þéttir það jafnan hópinn þegar fundirnir fara fram út á landi þar sem flestir gista í íþróttahúsi, borða kvöldverð og fara í sund saman.

Á fundinum á Akureyri var meðal annars rætt um stöðu Söngkeppni framhaldsskólanna sem framkvæmdastjórn SÍF ákvað að yrði ekki haldin í ár. Nokkrar umræður sköpuðst og sitt sýndist hverjum um hvert framhaldið ætti að vera varðandi keppnina. Engin niðurstaða komst í málið en verið er að vinna í því að taka ákvörðun um framtíð keppninnar.

Á dagskrá fundarins voru umræður um minnkandi þátttöku nemenda í félagslífi skólanna en flestir fundargestanna voru sammála um að minni þátttaka væri á viðburði nemendafélaganna en verið hefur. Margir voru á því að breyting aðalnámskrár framhaldsskólanna úr fjórum árum í þrjú hefði þar haft mikil áhrif. Álagið á nemendur væri meira en þeir ráði við með auknu símati og fjölgun áfanga á hverri önn og sjá þeir sér ekki fært að mæta á viðburði eftir að löngum skóladegi er lokið því þá taki mikil heimavinna við. Í kjölfarið færðist umræðan yfir í fleiri þætti tengda þriggja ára kerfinu, þar sem ýmislegt kom í ljós að mati nemenda.

- a. **Innan skólakerfisins sé almennt skortur á þekkingu og reynslu á þriggja ára kerfinu.** Nemendur leggja til að komið verði á samráðsvettvangi þar sem reynslumeira starfsfólk miðlar þekkingu sinni til starfsmanna þeirra skóla sem nýverið hafa tekið upp þriggja ára kerfið. Kennarar sem óvanir eru þriggja ára kerfinu eru oftast en ekki óskipulagðir og óöryggir og enn að laga sig að auknu símati.
- b. **Skortur sé á kynningu hæfniprepa innan skólanna og hæfniprepaskipting óskýr.** Ákveðnir grunnáfangar sem teljast undanfarar framhaldsáfangar hafa verið teknir út sem leiðir til þess að nemendur eru skildir eftir með lélegri grunn til áframhaldandi náms.
- c. **Álag á nemendur hefur aukist meira en æskilegt er og ná þeir ekki að sinna náminu sem skyldi.** Með fjölgun áfanga á hverri önn, fjölgun símatsáfanga og skorti á samræmingu milli faga hvað varðar verkefnaskil, **hefur álag á nemendur aukist meira en æskilegt er og ná þeir ekki að sinna náminu sem skyldi.** Auk þess hefur álagið þær afleiðingar að nemendur geta ekki sinnt sínum persónulegum skyldum utan skóla sem aftur getur orsakað félagslega einangrun.
- d. **Skortur á fjármagni til háskólanna mun leiða til þess að þeir verði ekki færir um að innrita þann fjölda nemenda sem útskrifast úr framhaldsskólum vorið 2018** en þá munu margir framhaldsskólar brautskrá tvo árganga. Sem dæmi má nefna þær námsgreinar innan háskólanna sem innrita takmarkaðan fjölda nemenda en í þeim greinum hefur plássum ekki verið fjölgað samhliða breytingum á menntakerfinu. Draga má líkur að því að fjöldi útskrifaðra framhaldsskólanema muni ekki geta sótt sér þá framhaldsmenntun sem hugur þeirra stendur til. Bein afleiðing þess verður dræm starfsvinda í íslensku samfélagi.

Meðal þess sem var einnig á dagskrá sambandsstjórnarfundarins má nefna að fulltrúar nemenda Háskólans á Akureyri kynntu #háskólaríhættu, sameiginlegt átak allra háskólarektora landsins og stúdentahreyfinganna þar sem yfirvöld eru hvött til að leggja meira fé í fjársvelta háskóla landsins. Þá hélt Hildur framkvæmdastjóri kynningu á málefnum LÍN er varða framhaldsskólanemendur svo sem jöfnunarstyrk og lán fyrir sérnámi. Einnig hélt Sara Þöll alþjóðafulltrúi kynningu á hinn svokölluðu „25 ára reglu“ og takmarkað aðgengi nemenda 25 ára og eldri að bóknámi í framhaldsskólum landsins. Fundargestir voru að mestu sammála um að þeim þættu þetta óásættanleg lög og verið væri að mismuna nemendum eftir aldri.

Sara kynnti einnig aftur verkefnið „Hear the voices“ sem styrkt er af OBESSU þar sem kom meðal annars fram að stjórnin væri að leita að viðmælendum í myndbandið og væru allar ábendingar vel þegnar.

## Framkvæmdastjórnarfundir

Fundir framkvæmdastjórnar voru haldnir að jafnaði einu sinni í viku en þó sjaldnar á prófatíma og yfir sumarmánuðina. Framkvæmdastjórn heldur fundargerðir samkvæmt fundarsköpum og má óska eftir afritum af fundargerðum hjá framkvæmdastjóra félagsins. Vinnufundir framkvæmdarstjórnar eru haldnir eins oft og framkvæmdarstjórn telur þurfa. Á fundunum eru fyrirbyggjandi verkefni skýrð í samræmi við markmið og stefnu félagsins og ákvarðanir teknar. Til viðbótar gegna fundirnir því hlutverki að efla samvinnu framkvæmdarstjórnar. Fundir framkvæmdastjórnar og vinnufundir eru iðulega haldnir á skrifstofu SÍF.

## Skuggakosningar

Um mitt ár 2016 hófst samstarf Sambands íslenskra framhaldsskólanema og Landssambands ungmennafélaga, LUF, þegar farið var af stað með lýðræðisherferðina #ÉgKýs. Félögin tvö stóðu að verkefninu en það var samstarf margra annarra hagsmunaðila, svo sem nemendafélaga framhaldsskólanna, stjórnmalaflokkanna og ungliðahreyfinga þeirra. Verkefnið samanstóð af mörgum þáttum sem allir voru liðir í því að auka lýðræðisvitund ungs fólks í þeirri von um það myndi auka kosningaþátttöku þeirra. Meðal annars var útbúinn gagnabanki á heimasíðunni egkys.is þar sem nemendur gátu fundið efni tengt kosningunum, ungliðahreyfingarnar útbjuggu kynningarmyndbönd, haldnir voru fundir með frambjóðendum og lýðræðisvika haldin í framhaldsskólum sem lauk með skuggakosningum þann 13.október. Lagt var upp með að líkja eftir almennum kosningum eins og unt var og áhersla lögð á fræðslugildi verkefnisins fremur en útkomu skuggakosninganna.

Alls tóku 22 framhaldsskólar þátt í verkefninu og flestir þeirra átta sem ekki gátu tekið þátt lýstu yfir vonbrigðum sínum yfir því að geta ekki verið með, tímasetningin hentaði einfaldlega illa.

Góð samvinna við skólastjórnendur og nemendur skipti sköpum í verkefninu og kom sterkt í ljós hversu mikilvæg tengsl SÍF eru við nemendur og skólasamfélagið.

Þann 5.september 2017 kom út skýrsla um verkefnið og var haldinn kynningarfundur í Hinu húsinu þar sem helstu niðurstöður hennar voru kynntar. Má þar fyrst og fremst nefna niðurstöður könnunnar sem unnin var í samvinnu við þau Dr. Huldu Þórisdóttur, dósent við stjórnmalafraeðideild og sálfræðideild Háskóla Íslands, Dr. Magnús Þór Torfason, lektor við viðskiptafræðideild og Sigurbjörgu Erlu Egilsdóttur doktorsnema. Þar kom fram að „**þeir sem tóku þátt í skuggakosningunum voru líklegri til að kjósa í alþingiskosningunum heldur þeir ekki tóku þátt í skuggakosningunum**“.

Fagnar stjórn SÍF því að margt bendi til að hægt sé að hafa áhrif á kjörsókn ungs fólks og ekki síður að sýnt hefur verið fram á að frjáls félagasamtök eins og SÍF og LUF eru

fær um að framkvæma verkefni af þessari stærðargráðu og hafa þannig jákvæð áhrif á ungt fólk í landinu. Enginn vafi leikur á að verkefnið hafði margvísleg jákvæð áhrif á starf SÍF, það jók og bætti samskipti framkvæmdastjórnar við stóran hóp nemenda í landinu og eins var mikil og jákvæð umfjöllun í fjölmiðlum. Nánar má lesa um framkvæmd verkefnins í skýrslunni sem finna má á heimasíðu SÍF, [neminn.is](http://neminn.is).

Á meðan undirbúningi og framkvæmd skuggakosninganna stóð var starfshlutfall framkvæmdastjóra hækkað tímabundið í þrjá mánuði úr 50% í 100%. Laun fyrir hækkuninni voru fengin með styrkjum til verkefnisins til að koma í veg fyrir að sá kostnaður félli á félagið. Sú tímabundna launahækkun skýrir hækkun launa milli ára í ársreikningi SÍF fyrir árið 2016.

Að loknu aðalþingi 2017 munu stjórnir SÍF og LUF funda til skoða forsendur þess og vilja að hefja undirbúning næstu skuggakosninga samhliða væntanlegum Alþingiskosningum haustið 2017 og sveitastjórnakosningum í maí 2018.

Þann 21.nóvember 2016 hélt framkvæmdastjóri SÍF og annar tveggja verkefnastjóra skuggakosninganna erindi um verkefnið á ráðstefnu um íslenskar æskulýðsrannsóknir sem haldin var í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð.

Ráðstefnan var í formi málstofu og var erindi Hildar ágætlega sótt og nokkuð um spurningar að því loknu. Virtist almenn ánægja með verkefnið meðal gesta og áhugi fyrir því að það yrði endurtekið.

### **Alþjóðastarf:**

Ár hvert er einn meðlimur framkvæmdastjórnar kjörinn alþjóðafulltrúi. Alþjóðafulltrúi er leiðandi í þeim málum er varða alþjóðastarf og sér um samskipti SÍF fyrir utan landssteinana. SÍF leggur áherslu á að læra af systrasamtökum sínum erlendis og hafa mótandi áhrif á málaflokkinn á alþjóðavísu. Sambandið er aðili að OBESSU (Organising Bureau of European School Student Unions) sem eru regnhlífarsamtök evrópskra námsmannahreyfingar á framhaldsskólastigi. Framkvæmdastjórnarmeðlimir, sér í lagi alþjóðafulltrúi, sækir hina ýmsu viðburði á vegum OBESSU á hverju ári, svo sem námskeið, ráðstefnur og fræðslur. Framkvæmdastjórn SÍF gefst einnig kostur á að móta innra starf OBESSU t.d. með setu, tillögu- og atkvæðarétti á fulltrúafundum og aðalþingi.

Á árinu tók Sara Þöll, alþjóðafulltrúi, þátt í að skipuleggja, ásamt öðrum framhaldsskólanemum á vegum OBESSU, Study Session sem fram fór í Budapest. Einnig var hún kjörin í framkvæmdastjórn OBESSU til tveggja ára í ágúst 2017. Er þetta í þriðja sinn sem Íslendingur nær kjöri í framkvæmdastjórn OBESSU. Laufey María Jóhannsdóttir sat í stjórninni árin 2015-2017 og Hreiðar Már Árnason árin 2010-2012.

Alþjóðastarfið í ár var mjög viðburðaríkt en á árinu fóru fulltrúar framkvæmdastjórnar alls átta sinnum erlendis til að hitta aðra framhaldsskólanemendur í Evrópu, miðla af reynslu sinni og læra af öðrum.

- 18. - 25. september 2016. Seeds for Integration; Training Course for Multipliers - Mollina, Spáni.
- 6. - 9. október 2016. SAME; Action Day Start-up Seminar - Brussel, Belgíu.
- 31. október - 6. nóvember. School Methods 2020 Conference - Tallinn, Eistlandi.
- 26. - 27. nóvember 2016. OBESSU Council of Members (COMEM) - Dublin, Írlandi.
- 9. - 12. janúar 2017. Preparatory Meeting for the Study Session: Access to Education - Búdapest, Ungverjalandi.
- 5. - 12. mars 2017. Study Session; Access to Education - Búdapest, Ungverjalandi.
- 10. - 16. júlí 2017. Summer School; Learning for Life - Ljubljana, Slóveníu.
- 5. - 6. ágúst 2017. OBESSU General Assembly (GA) - Berlín, Þýskalandi.

Ferðakostnaður við þá viðburði sem fulltrúar SÍF sækja á vegum OBESSU eru endurgreiddir að fullu. Kostnaður SÍF við alþjóðastarfið er annars vegar árgjald til OBESSU sem er tengt ársveltu sambandsins og hefur verið í kringum 100.000kr. Hinsvegar 50 evrur í skráningargjald fyrir hvern stjórnarmeðlim sem sækir viðburði á vegum OBESSU.

Haustið 2016 var tekin upp sú vinnuregla innan framkvæmdastjórnar SÍF að þeir fulltrúar sem fara erlendis skulu skila skýrslu um efni ferðarinnar, tilgang hennar, ávinning fyrir SÍF o.s.frv. og er skýrslunni skilað inn til framkvæmdastjóra.

Árið 2013 átti SÍF átti þátt í að stofna norrænu skólasamtökin NSSN (Nordic School Student Network). SÍF hefur þó hingað til ekki getað tekið þátt í viðburðum NSSN vegna kostnaðar en norrænu samtökin hafa ekki getað stutt aðildarfélög sín með niðurgreiðslu ferðakostnaðar vegna fjárskorts. Sara Þöll sat í „framkvæmdastjórn“ NSSN á þessu ári og hefur vinna framkvæmdastjórnar farið mestmegnis fram á netinu.

### **Fundur OBESSU í Reykjavík**

Dagana 13.-16. desember 2016 hélt OBESSU matsfund í Reykjavík vegna árlegs verkefnis sem nefnist *summer school*. Til Reykjavíkur komu 17 ungmenni allsstaðar að úr Evrópu til að bera saman bækur sínar, læra af hverju öðru og leggja fram tillögur. Ánægjulegt var fyrir SÍF að fá beiðni frá OBESSU um að halda fundinn á Íslandi og sá framkvæmdastjóri að miklu leyti um skipulagninguna fyrir hönd sambandsins, svo sem

að finna gistingu, mat og vinnuhúsnæði en hópurinn fékk aðstöðu í Hinu húsinu gegn vægu gjaldi. OBESSU greiddi allan kostnað við fundinn á Íslandi.

### **SAME:**

Adda formaður, Jón varaformaður og Þuríður jafnréttis -og forvarnafulltrúi fóru til Brussel á vegum SAME, sem eru sjálfbóðaliðasamtök sem SÍF hefur ekki unnið með áður. Á fundinum var rætt um svokallaðan Students action day sem snýr að því að nemendur taka sér frí frá skóla í einn dag og sinna ýmsum störfum í staðinn og gefa síðan launin til góðgerðamála. Fulltrúar SÍF töldu ólíklegt að verkefnið myndi ganga hér á landi þar sem mjög margir framhaldsskólanemar eru þegar í vinnu, það væri flókið í framkvæmd skattalega séð og nemendur myndu frekar kjósa að vera styttra í skólanum en lengur í „sjálfbóðavinnu“.

### **Det nye Norden**

Dagana 21.- 24.maí tók framkvæmdastjóri félagsins, þátt í samnorrænu verkefni „Det nye Norden,, sem fram fór í Hanaholmen í Esbo í Finnlandi. Þar voru samankomnir fimm fulltrúar frá hverju Norðurlandanna sem unnu að nýrri stefnu fyrir stjórnvöld landanna í málefnum ungra minnihlutahópa. Skilyrði fyrir þátttöku var að kynna verkefni sem viðkomandi væri þátttakandi í, sem snýr að því að auka sýnileika og þátttöku minnihlutahópa ungs fólks. Verkefni voru afar fjölbreytt, til að mynda hvernig virkja má unga Grænlandinga í Danmörku og einnig áttu Samar í Noregi fulltrúa á staðnum. Hildur kynnti myndbandsverkefnið „Hear the voices,, sem SÍF fékk styrk fyrir frá OBESSU síðastliðinn vetur. Vettvangurinn var góður til að heyra hvað verið er að gera í nágrannalöndunum í málefnum ungs fólks og ekki síður til tengsalmyndunnar því mikilvægt er í starfi frjálsra félagasamtaka að vera í góðum tengslum við fólk sem sinnir svipuðum verkefnum fyrir utan landssteinana.

### **Vefsíða**

Undanfarin misseri hafa stjórnir SÍF og framkvæmdastjóri skoðað hvernig hægt er að koma félaginu enn betur á framfæri svo fleiri framhaldsskólanemar geti nýtt sér þjónustu þess, meðal annars hefur verið prentað allskyns kynningarefni, svo sem blýantar og límmiðar. Hinsvegar er afar mikilvægt í nútímasamfélagi að hafa aðgengilega og skýra vefsíðu sem auðvelt er að uppfæra með helstu upplýsingum um starfsemina og nýjustu fréttum. Fyrri vefsíða SÍF var orðin gömul og erfið í notkun sem aftur varð til þess að sjaldan var sett inn á hana efni og þá aðeins nauðsynlegar fréttir. Var það því mat stjórnar og framkvæmdastjóra að mikilvægt væri fyrir sýnileika SÍF að bæta vefsíðuna og ekki síður að tengja hana við samfélagsmiðla, þá miðla sem nemendur nýta mest. Með nýjum vef opnaðist einnig sá möguleiki að rafvæða Framhaldsskólablaðið sem

fram til þessa hafði aðeins verið gefið út í prentuðu formi. Ljóst var að slíkt myndi auka sýnleika bæði blaðsins og SÍF til muna, þegar hægt yrði að dreifa einstaka greinum á samfélagsmiðla. Vefsíðan Frumkvæði var fengin í verkið og mikil gleði í aðstandendum þegar ný vefsíða SÍF var fór í loftið með útgáfu fyrsta rafvædda Framhaldsskólablaðsins þann 17.janúar.

## LÍN

Laufey María Jóhannsdóttir, formaður SÍF 2013 - 2015, hefur setið fyrir hönd félagsins í stjórn LÍN undanfarin tvö ár en í ágúst tók Hildur sæti hennar þegar nemendahreyfingarnar í stjórn LÍN endurnýjuðu samning sinn. Á hverju sumri skulu fulltrúar nemendahreyfinganna skila fullnaðarskýrslum til stjórnar LÍN með yfirlit yfir starfsemina. Í skýrslu Laufeyjar fyrir starfsárið 2016-2017 kemur meðal annars fram að bæta þurfi sýnleika SÍF og þar með LÍN innan framhaldsskólanna en það muni ekki gerast nema með bættum samskiptum SÍF við skólastjórnendur. Mikilvægt sé að allar upplýsingar er varða framhaldsskólanemendur þegar kemur að LÍN, svo sem um jöfnunarstyrk og lán til iðn-og starfsnáms, séu aðgengilegar nemendum, bæði á heimasíðu og á tilkynningaskjám. Eru vonir bundnar við að tillaga um hagsmunafulltrúa í hverjum skóla sem lögð verður fyrir til samþykktar á aðalþingi í september 2017, muni greiða fyrir auknum samskiptum stjórnar SÍF og skólastjórnenda. Þá sé mikilvægt að auka vitund nemenda um SÍF sem þjónustuaðila námsmanna innan framhaldsskólanna í málefnum tengdum LÍN. Hildur mun í september skila inn starfsáætlun til stjórnar LÍN þess efnis hvernig SÍF hyggst framfylgja tillögum skýrslunnar.

## Framhaldsskólablaðið

SÍF hélt áfram útgáfu Framhaldsskólablaðsins, mál gagni framhaldsskólanema, í samstarfi við Guðmund Rúnar Svansson útgáfustjóra. Nemendur eru hvattir til að senda inn efni, greinar, viðtöl, pistla, ljóð, smásögur eða annað í blaðið. Ritstjóri þess veturinn 2016-2017 var Eva Dröfn Hassell Guðmundsdóttir, nemandi við Kvennaskólann. Meðal áherslna Evu var að gera blaðið sýnilegra og sterkara á landsbyggðinni en auk þess sem dreifingu í skóla utan höfuðborgarsvæðisins hefur verið ábótavant undanfarin ár þótti henni lítið um umfjöllunarefni sem tengdist skólum og lífinu úti á landi. Byrjað var á föstum lið í blaðinu sem nefnis *Ísland nær lengra en 101* en sú hugmynd spratt upp þegar ritstjórnin braut heilann um hvernig hún gæti náð athygli landsbyggðarinnar og skólanna sem ekki eru vinsælustu skólarnir í Reykjavík. Hugmyndin var að gefa skólunum utan af landi ákveðinn kvóta, svipað kynjakvóta að einhverju leyti. Þótti hugmyndin heppnast vel og blaðið verða mun fjölbreyttara fyrir vikið þegar leita þurfti efnis víðar en í „lattelepjandi 101 menninguna“ sem að mati Evu hafði einkennt blaðið

um tíma. Meðal þess sem birtist einnig í blaðinu var viðtal við Birgittu Haukdal, matargagnrýni og súrealískur myndabáttur.

Til að bæta úr dreifingunni og sýnileika blaðisins innan skólanna óskaði Eva eftir auknu samstarfi við formenn nemendafélaganna sem gaf góða raun. Blaðið fékk stærra hlutverk innan skólanna, því var stillt fram á áberandi stöðum og auglýst þegar það kom út.

Eins og áður segir má nú í fyrsta sinn finna á nýrri heimasíðu SÍF, sem sett var í loftið eftir áramót, Framhaldsskólablaðið, mál gagn framhaldsskólanema í rafrænu formi. Að sögn Evu var það stórt og mikilvægt skref fyrir blaðið að nútímavæðast en með því móti er auðvelt að dreifa einstökum greinum á samfélagsmiðlum og auka þannig sýnileika þess til muna og gefa framhaldsskólanemum sterkari rödd. Einnig eru vonir bundnar við að með greiðari aðgangi annarra fjölmiðla að blaðinu muni vísunum í blaðið fjölga.

## Ljósbot:

Fyrr á árinu var Ljósbot, ljósmyndakeppni framhaldsskólanna, endurvakin eftir margra ára hvíld. Að þessu sinni var vettvangur keppinnar Framhaldsskólablaðið, þar sem það er eitt af því fáa sem allir framhaldsskólanemar landsins eiga sameiginlega. Nemendur allstaðar að af landinu sendu inn myndir og kom það í hlut Sögu Sigurðardóttur, Snorra Björnssonar og Sveins Speight að velja sigurmyndirnar. Þann 5. apríl var opnunarkvöld ljósmyndasýningarinnar Ljósbot í Gallery Tukt, Hinu húsinu, þar sem tíu myndir voru til sýnis, úrslit tilkynnt og verðlaun afhent. Myndirnar prentaði Pétur Thomsen ljósmyndari og setti á spjöld til uppsetningar. Pétur Thomsen og Sveinn Speight tóku báðir þátt og unnu til verðlauna í Ljósboti á sínum tíma þegar keppnin var haldin árlega og eins kom Sveinn að skipulagningu keppinnar eitt árið. Fyrsta sætið hlaut Þórný Þorsteinsdóttir nemandi Menntaskólans að Laugarvatni og hlaut hún meðal annars Canon myndavél í verðlaun. Annað sætið hlaut Jenný Mikaelisdóttir frá Tækniskólanum. Þriðja sætið hlaut Silja Rut Sveinsdóttir einnig nemandi í Menntaskólanum að Laugarvatni. Allir verðlaunahafar fengu veglega vinninga í formi gjafabréfa, blóma og bóka ásamt því að allir tíu efstu keppendurnir fengu að eiga sína útprentuðumynd að sýningu lokinni.

Eva Dröfn ristjóri Framhaldsskólablaðsins og Inger Erla Thomsen, margmiðlunarstjóri SÍG voru skipuleggjendur Ljósbotis en þær vildu endurvekja keppnina þar sem þeim þótti vanta meiri menningu meðal framhaldsskólanema. Ljósbot var því tilraun til að skapa skemmtilega keppni í fallegum miðli þar sem allir framhaldsskólanemar hafa jafnt tækifæri til þátttöku. Skipuleggjendur binda vonir við að keppnin sé komin til að vera og leggja til að hún verði framvegis hluti efnis í síðasta tölublaði vetrar í Framhaldsskólablaðinu. Með tímanum muni fjöldi þátttakenda aukast og keppnin fá að blómstra samhliða blaðinu.

## Fundur með ráðherra

Þann 14.júní fóru framkvæmdastjóri og þrír fulltrúar úr framkvæmdastjórn, Davíð Snær Jónsson, Jón Hjörvar Valgarðsson og Sara Þöll Finnbogadóttir á fund með ráðherra mennta- og menningarmála, Kristjáni Þór Júlíussyni. Var þetta í fyrsta sinn frá árinu 2013 sem stjórn SÍF fær fund með ráðherra til að ræða störf félagsins. Með ráðherra sátu fundinn Ásta María Reynisdóttir sérfræðingur hjá ráðuneytinu og Hellen Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri.

SÍF óskaði eftir fundinum og meðal atriða sem fulltrúar sambandsins ræddu við ráðherra voru:

- Ósk um aukið samstarf og samráð. SÍF óskaði eftir því við ráðherra að sambandið væri ávallt haft með í ráðum þegar málefni tengd framhaldsskólanemum væru rædd og bentu á að SÍF hefði besta mögulega aðgang að nemendum á landsvísu. Framkvæmdastjórn SÍF sé lýðræðislega kjörin og málsvari nemenda og því sé ótækt að hún sé ekki kölluð að borðinu þegar mikilvægar ákvarðanir er varða nemendur eru teknar. Sem dæmi var nefnt hugsanleg sameingin Fjölbrautaskólans við Ármúla og Tækniskólans sem þá var mikið í umræðunni en í athugun ráðherra á kostum og göllum við sameiningu skólanna höfðu nemendur engan fulltrúa. Svör ráðherra voru á þá leið að hann fagnaði auknu samstarfi en taldi að í því dæmi sem nefnt var að engum hefði verið meinað að skoða kosti og galla sameiningar skólanna tveggja.
- Fulltrúar SÍF á fundinum óskuðu eftir því að lögum um námsstyrki sem breytt var árið 2011 með þeim hætti að nemendur eiga ekki lengur fulltrúa í nefndinni, verði breytt til baka. Lög sjóðsins snúa beint að nemendum í framhaldsskólum og þykir stjórn SÍF því réttast að sá hópur eigi fulltrúa í nefndinni. Í lögum um námsstyrki segir:

„1.gr. Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám.

2. gr. Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta nemendur sem:

1. eru íslenskir ríkisborgarar eða erlendir ríkisborgarar sem eiga rétt til námsstyrks samkvæmt samningi íslenska ríkisins við önnur ríki,
2. stunda reglubundið framhaldsskólanám hér á landi,
3. annaðhvort eru það efnalitlir að efnaleysi torveldar þeim nám eða verða að dveljast fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins, enda sé ekki unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað.“

Ráðherra þekkti ekki til málsins en tók ágætlega í athugasemdina og sagðist myndi kanna málið.

- Þá báru fulltrúar SÍF upp við ráðherra áhyggjur sínar á andlegri heilsu framhaldsskólanema og háu brottfalli úr skólum. Minntu þeir á að lagt hefði verið fyrir þingið tillaga þess efnis að sálfræðipjónusta yrði gerð gjaldfrjáls í öllum framhaldsskólum landsins frá og með haustinu 2017 en hún ekki verið afgreidd á þinginu. Bent var á að þjónustan hafi gefist vel í þeim skólum þar sem það hafi verið reynt og nemendur verið duglegir að nýta sér hana. Ráðherra benti á galla þess að hafa sálfræðinga ráðna af skólunum þar sem þeir héldu eftir upplýsingum um nemendur þegar þeir útskrifuðust úr skólunum. Betra væri að sálfræðingar nemenda væru staðsettir á heilsugæslustöðvunum og benti á heilbrigðisráðuneytið til að fá upplýsingar varðandi slíkt fyrirkomulag.
- Fulltrúar SÍF skyldu eftir fyrir ráðherra, samantekt nemenda um þriggja ára kerfið þar sem bent var á vankanta þess og lagðar fram tillögur. Þakkaði ráðherra fyrir efnið og sagði gott að fá ábendingar frá nemendum varðandi þriggja ára kerfið.
- Að lokum óskaði framkvæmdastjóri SÍF eftir því að gerður yrði nýr langtíma samningur við félagið og framlög til þess hækkuð í takt við verðlag og umfang verkefna. Svör við þeirri beiðni voru á þá leið að verið væri að innleiða nýtt samningakerfi hjá ráðuneytinunum og þar til það væri komið í gegn væru aðeins gerðir samningar til skamms tíma. Ráðherra og framkvæmdastjóri SÍF undirrituðu viðauka við samning sem rann út 31. desember 2016. Viðaukinn gildir til 31. desember 2017 og á henni kemur fram hækkað framlag til SÍF um 100.000kr, úr 5,1 milljón í 5,2.

## **Söngkeppni framhaldsskólanna**

Söngkeppni framhaldsskólanna hefur verið haldin árlega frá árinu 1990, fyrstu árin af Félagi framhaldsskólanema forvera SÍF. Áhugi nemenda á keppninni hefur dvínað mikið undanfarin ár og nokkuð borið á því að skólar fylgi ekki eftir sínum keppanda og sýni stuðning á úrslitakvöldinu. Ekki er ljós hvað veldur en telja má líklegt að þar spili inn í nokkrir þættir, svo sem fyrirkomulag, staðsetning og miðaverð á keppnina. Framkvæmd keppninnar hefur tekið mikinn tíma frá þeim störfum framkvæmdastjórnar sem hún er kosin til að sinna, hagsmunamálum framhaldsskólanema og því þótti ljóst að finna þurfti leið til að minnka aðkomu framkvæmdastjórnar að keppninni. Með ofangreint í huga

sendi framkvæmdastjórn SÍF frá sér yfirlýsingu þann 5.janúar þar sem kom fram að engin Söngkeppni framhaldsskólanna færi fram árið 2017 en framtíð keppinnar yrði skoðuð í nánu samstarfi við nemendur. Í tilkynningunni sagði meðal annars: „Ógerlegt er að halda Söngkeppni framhaldsskólanna án þess að áhugi og fjármagn séu fyrir hendi. Áhugaleysi á keppninni hefur sýnt sig í lítilli þáttögu og stuðningi nemendafélaganna við sína keppendur þrátt fyrir að þeim hafi verið gerð grein fyrir því að án þeirra væri ekki hægt að halda keppnina. Þá hefur léleg miðasala og áhugaleysi valdið því að fjárhagslega hefur orðið sífellt erfiðara að halda keppnina og er svo komið að það er ekki hægt nema mikil breyting verði á. Hugmyndir komu upp um að gefa keppnina frá okkur, í hendur óháðra aðila, en við teljum að hún sé ekki framhaldsskólanema án þeirra aðkomu og gerðum við það því ekki.“ Ýmsir aðilar höfðu samband við framkvæmdastjórn og óskuðu eftir því að fá að halda keppnina en ákvörðunin var þegar tekin, engin keppni yrði haldin í ár. Keppnin var mikið rædd á sambandstjórnarfundum SÍF á Akureyri í mars og komu þá fram ýmis sjónarmið nemenda, t.d. að selja/leigja keppnina í hendur áhugasamra, hvort hægt væri að mynda verkefnastjórn um keppnina, að útbúa sérstakan áfanga í skólunum þar sem nemendur fengju einingar fyrir að koma að skipulagningu keppinnar og að minnka umfang hennar til að byrja með. Þann 10.ágúst sendi SÍF frá sér aðra tilkynningu þar sem óskað var eftir nákvæmum hugmyndum að framkvæmd keppinnar þar sem koma átti meðal annars fram tillögur að staðsetningu/húsnæði, fyrirkomulagi og hugmyndir um hvernig auka mætti aðsókn á keppnina. Alls bárust þrjár tillögur sem lagðar verða fyrir aðalþing SÍF um miðjan september og eru vonir bundnar við að í framhaldinu verði hægt að gera samning við framleiðslu- og/eða útsendingaraðila um framkvæmd keppinnar til lengri tíma en eins árs í senn. Þá verður lögð áhersla á að aðkoma nemenda að keppninni verði meiri en verið hefur undanfarin ár í þeirri von um að þeir finni þá meira tilkall til hennar og sýni aukinn áhuga eftir því.

## **Boxið**

Líkt og áður átti SÍF fulltrúa í dómnefnd Boxins, framkvæmdakeppni framhaldsskólanna, sem fram fór í Háskólanum í Reykjavík 12.nóvember 2016. Jón Hjörvar Valagarðsson, varaformaður SÍF var fulltrúi SÍF í dómnefnd. Auk SÍF standa að keppninni Háskólinn í Reykjavík, Samtök iðnaðarins og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Á heimasíðu keppinnar segir að markmið hennar sé „að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði en hér á landi er verulegur skortur á tækni- og menntuðu fólki.“

## **Evrópusamstarf**

Á starfsárinu var SÍF meðumsækjandi í tveimur Evrópuverkefnum, einu með ungverskum skólasamtökum og öðrum serbneskum en hvorugt þeirra hlaut styrk. SÍF

lítur á það sem mikið tækifæri að taka þátt í verkefnum er snúa að málefnum framhaldsskólanema á Evrópuvettvangi, bæði til að læra og miðla. Hafa samtökin fullan hug á að efna til samstarfs í framtíðinni, hvort sem er sem aðalumsækjendur eða með öðrum félögum úr Evrópu.

## Stefna SÍF:

Stefna SÍF síðustu ár hefur verið eftirfarandi:

- Fylgja eftir réttindayfirlýsingu framhaldsskólanema.
- Vera ein rödd framhaldsskólanema og efla samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Vera sýnileg almenningi og framhaldsskólanemum.
- Tryggja þátttöku nema í mótun skólastarfs.
- Efla jákvæða umfjöllun um framhaldsskólanemendur og ungt fólk almennt.
- Leggja áherslu á innanlandsmál.

Framkvæmdastjórn SÍF árið 2016-2017 fór í alsherjar vinnu við að mynda nýja stefnu félagsins en stjórninni fannst „stefna” síðustu ára ætti fremur að flokkast undir „markmið“. Stefna SÍF 2017-2021 leggur línurnar í starfi sambandsins á komandi árum og eru vonir bundnar við að hún muni auka samfellu í starfi félagsins á milli stjórna. Hún er ekki tæmandi verkefnalisti enda starfið fjölbreytt og lifandi og koma ýmis tilfallandi verkefni inn á borð SÍF sem mikilvægt er að sinna í þágu framhaldsskólanema. Stefnan er byggð á almennum markmiðum og hlutverki SÍF.

Hér er hægt að sjá helstu efnisatriði stefnunnar og hvernig henni er skipt næstu fjögur ár.

2017-2018	2018-2019	2019-2020	2020-2021
Málefni innflytjenda og flóttamanna	Málefni fatlaðra	Nemendafélög sem hagsmunafélög	Nemendur með námserfiðleika
Lýðræði (Sveitastjórnakosningar)	Fjárhagslegt jafnræði til náms óháð aldri	Iðnnemar	Umhverfismál
Aðgengi að SÍF	Kynjafræði	Kynfræðsla	Forvarnir
Sálfræðiþjónusta		Lýðræði (forsetakosningar)	Lýðræði (alþingiskosningar)

## Túrbréf

Bréf til yfirvalda um að fá tíðarvörur í alla skóla landsins hefur verið í bígerð síðastliðið ár. Upphaflega hugmyndin var sú að allir framhaldsskólar landsins væru með túrtappa og dömubindi á salernum skólanna nemendum að kostnaðarlausu. Mállefnið er afar mikilvægt þar sem tíðarvörur eru skráðar í flokki lúxusvara og eru því dýrar auk þess dæmi eru um að lítið aðgengi að tíðarvörur geti valdið þeim kvíða og óþægindum þeirra sem á þeim þurfa að halda sem aftur getur haft miklar afleiðingar á námið. Eftir langa umhugsun og umræður ákvað SÍF að breyta kröfunni á þá leið að allir framhaldsskólanemar sem þurfa á tíðarvörum að halda myndu fá álfabikar en hann er hægt að nota í allt upp í tíu ár og því mun umhverfisvænni auk þess sem margir telja hann betri fyrir líkamann. Því mun stjórn SÍF með stuðningi fulltrúa nemenda í framhaldsskólum landsins og í samvinnu við Unga umhverfissinna, óska eftir því að allir nýnemar í framhaldsskólum sem á þurfa að halda, fái í framtíðinni einn álfabikar við upphaf framhaldsskólagöngu.

## Alþingi

Á árinu var mikið um að vera á Alþingi tengt málefnum framhaldsskólanema. Má þar helst nefna sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum, áfengisfrumvarpið og hugsanleg sameining Tækniskólans og Fjölbrautaskólans við Ármúla.

Samband íslenskra framhaldsskóla studdi þingsályktunartillögu um sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum sem lögð var fyrir á 146. löggjafarþingi 2016-2017. Þar er lagt til að öllum nemendum í framhaldsskólum landsins verði tryggð sálfræðiþjónusta innan veggja skólanna þeim að kostnaðarlausu. Ráðherra hafði samráð við Kennarasamband Íslands og Sálfræðingafélag Íslands um tilhögun þjónustunnar, m.a. um meðferð sem veitt er, fjölda nemenda á hvern sálfræðing o.fl.

SÍF fékk einnig áfengisfrumvarpið sent til skoðunar. Stjórnin ákvað að SÍF myndi ekki að senda frá sér umsögn um frumvarpið.

Í maí greindu fjölmiðlar frá því að mögulega yrðu Fjölbrautaskólinn við Ármúla og Tækniskólinn sameinaðir. Engin ákvörðun hafði verið tekin en nemendur og kennarar lýstu yfir óánægju sinni með hugmyndina og að upplýsingaflæði væri ábótavant. Framkvæmdastjórn SÍF sendi frá sér yfirlýsingu þar sem kom fram óánægja með fyrirkomulagið og upplýsingaleysið auk skorts á samráði við kennara og nemendur skólanna. SÍF tók einnig þátt í mótmælum gegn sameiningunni ásamt Nemendafélagi Fjölbrautaskólans við Ármúla, Jæja-hópnum, Ungum Pírötum, Ungum Jafnaðarmönnum og Ungum vinstri grænum. Þá áttu fulltrúar kennarafélags FÁ ræðumann á fundinum. Í byrjun júlí gaf menntamálráðuneytið út að ekkert yrði að sameiningunni.

## **Hvað er framundan**

Ef lítið er til þeirrar stefnu sem lögð verður fyrir aðalþingið SÍF þann 17.september eru fjölbreytt og spennandi verkefni sem bíða nýrrar stjórnar. Auk venjubundinna starfa eins og sambandsstjórnarfunda má nefna 10. ára afmæli SÍF þann 7.nóvember, ljúka myndbandsverkefninu „Hear the voices“, halda áfram á knýja á um að sálfræðipjónusta verði gerð gjaldfrjáls í öllum framhaldsskólum og vonandi halda áfram að efla lýðræðisvitund framhaldsskólanema með framkvæmd fleirri skuggakosninga.

Reykjavík 17.september 2017

Adda Þóreyjardóttir Smáradóttir - formaður

Hildur Björgvinsdóttir - framkvæmdastjóri